

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 186/2018

2021/EES/15/14

frá 21. september 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/676 frá 3. maí 2018 um leiðréttingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 546/2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar samræmdar meginreglur um mat á og leyfi fyrir plöntuverndarvörum ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 13d (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 546/2011) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32018 R 0676:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/676 frá 3. maí 2018 (Stjútíð. ESB L 114, 4.5.2018, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/676, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 114, 4.5.2018, bls. 8.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.